

Miðvikudaginn 22. marz 1972.

Nr. 39/1972. Valdstjórnin
 gegn
Óskari Magnússyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson
Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. marz 1972, sem barst Hæstarétti 14. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. marz 1972.

Ár 1972, föstudaginn 10. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 25. febrúar s.l. var Sigurður Lindberg Pálsson, Vesturgötu 69 hér í borg, handtekinn í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, þar sem hann var að reyna að selja tékka nr. A 13422 að upphæð kr. 15.000.00. Við nánari athugun reyndist tékki þessi vera falsaður, en eigandi hans er Jón Friðrik Sigurðsson frá Svartagili í Þingvallasveit.

Sigurður Lindberg kveðst hafa fengið tékka þennan hjá Elí Bæring Einarssyni, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi, og ætlað að selja hann fyrir Elí Bæring.

Við yfirheyrslu kveðst Elí Bæring hafa fengið tilnefndan tékka hjá Snorra Jónssyni, sem nú starfar í matvöruverzlun í Keflavík.

Í símtali staðfesti Snorri frásögn Elí Bærings, en skýrði jafnframt frá því, að tékkann hefði hann fengið hjá Óskari Magnússyni, Kirkjustræti 3 hér í borg, en Óskar hefur neitað allri vitneskju um mál þetta.

Þess skal getið, að Óskar Magnússon strauk úr vörzlu lögreglunnar 7. marz s.l., er hann var hér til yfirheyrslu, og náðist ekki aftur fyrr en í gærðag.

Óskar Magnússon er grunaður um brot á 155. gr. almennra hegningarlaga, sem varðað gæti hann fangelsisrefsingu, ef sannaðist.

Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru því fyrir hendi til beitingar gæzluvarðhaldi, sem rétt þykir að beita með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.

Ályktarorð:

Kærði Óskar Magnússon skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 15 dögum.
